

**3190. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
29. september 2016 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1602246 - Fundargerðir 2016 - SSV

- 123. fundargerð stjórnar SSV frá 16. mars 2016.
- 124. fundargerð stjórnar SSV frá 18. maí 2016.
- 125. fundargerð stjórnar SSV frá 24. ágúst 2016.

Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

2. 1603032 - Fundargerðir 2016 - Samband ísl. sveitarfélaga

- 842. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 2. september 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. 1609004 - Fundargerðir - Sorpurðun Vesturlands 2016

- 19. fundargerð aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands frá 6. apríl 2016.
- Fundargerð stjórnar Sorpurðunar Vesturlands frá 13. júní 2016.
- Fundargerð stjórnarfundar Sorpurðunar Vesturlands frá 24. ágúst 2016.

Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

4. 1609088 - Hestamannafélagið Dreyri.

Erindi Hestamannafélagsins Dreyra um stuðning Akraneskaupstaðar vegna áframhaldandi uppbyggingar reiðleiða á Akranesi. Einnig kynnt beiðni frá hestamannafélaginu um þátttöku Akraneskaupstaðar í byggingu reiðhallar.

Gestir frá Dreyra sem taka sæti á fundinum undir þessum lið voru: Ása Hólmarsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson, Hrafn Einarsson, Stefán Jónsson og Anton Ottesen.

Bæjarráð þakkar forsvarmönnum Dreyra fyrir kynninguna og er erindunum vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

RA'

5. 1609060 - Knattspyrnufélag ÍA - samstarf

Erindi Knattspyrnufélags ÍA um aukinn stuðning Akraneskaupstaðar við KFÍA vegna ýmissa verkefna.

Gestir frá KFÍA sem taka sæti á fundinum undir þessum lið voru Magnús Guðmundsson, Sævar Þránínsson og Hulda Birna Baldursdóttir.

Bæjarráð þakkar forsvarmönnum KFÍA fyrir kynninguna og er erindinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

6. 1601395 - Rekstrarsamningur Vélhjólaiþróttafélags Akraness

Ósk Vélhjólafélags Akraness um viðræður við Akraneskaupstað um endurnýjun rekstrarsamnings.

Bæjarráð býður forsvarsmönnum Vélhjólafélagsins á næsta fund ráðsins og er afgreiðslu erindisins frestað.

7. 1609101 - Nýr golfskáli - félagsaðstaða fyrir GL

Erindi Golfklúbbsins Leynis um stuðning Akraneskaupstaðar vegna uppbyggingar á nýjum golfskála á Akranesi.

Gestir frá Golfklúbbum sem taka sæti á fundinum undir þessum lið voru Þórður Emil Ólafsson og Guðmundur Sigvaldason.

Bæjarráð þakkar forsvarmönnum Golfklúbbsins Leynis fyrir kynninguna og er erindinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

8. 1310193 - FIMA - húsnæðismál

Erindi Fimleikafélags Akraness um framtíðarlausn á húsnæðismálum félagsins og ósk um viðræðum við bæjarráð um málefnið.

Bæjarráð býður forsvarsmönnum FIMA að koma á næsta fund ráðsins og er afgreiðslu erindisins frestað.

9. 1609134 - Seljuskógar 6 - 8 - umsókn um byggingarlóð

Umsókn Jóns Þórs Jónssonar/Halldóru Andrésdóttur og umsókn Bjarna Inga Björnssonar/Ingibjargar Barðadóttur um lóð við Seljuskóga 6 - 8.

Bæjarráð samþykkir úthlutun Seljuskóga 6-8 til umsækjenda.

10. 1609159 - Blómalundur 1-3 - Umsókn um byggingarlóð

Umsókn Sjamma ehf. um byggingarlóð að Blómalundi 1-3.

Bæjarráð samþykkir úthlutun Blómalundar 1-3 til umsækjenda.


64 RA'

11. 1604219 - Sérkennsla í grunnskólum stuðningsfulltrúar

Vegna fjölgunar nemenda með fötlunargreiningu í Brekkubæjarskóla var óskað eftir heimild til ráðningu á stuðningsfulltrúa í 90% stöðu frá 1. maí til 10. júní 2016. Bæjarráð samþykkti þá beiðni.

Fjölgun hefur verið á nemendum með fötlunargreiningu nú við upphaf skólaársins 2016-2017. Óskað er því eftir fjárheimild til áframhaldandi ráðningu stuðningsfulltrúa í 100% stöðu frá 1. september síðastliðinn til 31. desember 2016.

Kostnaður vegna þessarar beiðni er samtals kr. 1.700.000 með launatengdum gjöldum.

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir víkur af fundi undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir fjárheimild til ráðningu stuðningsfulltrúa í 100% starf frá 1. september síðastliðinn til 31. desember 2016. Fjármunum verður ráðstafað af liðnum 20830-4980.

Jafnframt verði beiðni um áframhaldandi ráðningu stuðningsfulltrúa út skólaárið vísað til afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2017.

12. 1512119 - Búnaðar- og áhaldakaup 2016 (tækjakaupasjóður)

Vegna fjölgunar nemenda og aukningu beiðna um greiningu, óskar sérfræðiþjónustu skóla- og frístundasviðs eftir úthlutun fjármuna úr tækjakaupasjóði í kaup á nýju greiningartæki að fjárhæð kr. 625.425.

Bæjarráð samþykkir úthlutun fjármuna úr tækjakaupasjóði til kaupa á greiningartæki.

Fjármunum verður ráðstafað af liðnum 20830-4660.

13. 1607044 - Lög um almennar íbúðir - framkvæmd

Erindi Íbúðalánasjóðs um framkvæmd laga um almennar íbúðir.

Bæjarráð vísar erindinu til velferðar- og mennréttindaráðs til frekari úrvinnslu.

14. 1609147 - Fasteignamat atvinnuhúsnæðis og álagning fasteignaskatta

Erindi framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda um þróun fasteignamats atvinnuhúsnæðis og álagningu fasteignaskatta.

Bæjarráð þakkar erindið og felur bæjarstjóra að afla frekari upplýsinga um þróun fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði og samanburð við önnur sveitarfélög.

15. 1609189 - SSV - haustþing 2016

Haustþing Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi verður haldið þann 5. október næstkomandi á Hótel Stykkishólmi.

Bæjarráð þakkar fyrir boðið. Fulltrúar Akraneskaupstaðar auk bæjarstjóra verða:

Valdís Eyjólfsdóttir


Ólafur Adolfsson

Vilborg P. Guðbjartsdóttir

Ingibjörg Valdimarsdóttir

Sigrún Inga Guðnadóttir

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:55.


Ingibjörg Guðnadóttir
Vilborg P. Guðbjartsd.
Ragnína Ásmundsdóttir
Semur Aðalynna
Ingibjörg Valdimarsd.
Valdís Eyjólfsdóttir